

2001 nr. 76 31. maí**Lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa**

Tóku gildi 1. júlí 2001. *EES-samningurinn:* VII. viðauki tilskipun 92/51/EBE og XII. viðauki tilskipun 94/58/EB. *Breytt með:* L. 31/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003); *EES-samningurinn:* XVIII. viðauki tilskipun 93/104/EB, XIII. viðauki tilskipun 1999/63/EB, 1999/95/EB og 1999/130/EB). L. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003). L. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006). L. 30/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 39/2008 (tóku gildi 5. júní 2008; *EES-samningurinn:* XIII. viðauki reglugerð 336/2006). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 139/2008 (tóku gildi 13. des. 2008). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013). L. 40/2017 (tóku gildi 17. júní 2017). L. 82/2018 (tóku gildi 28. júní 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið, markmið og tilgangur.**

□ Lög þessi taka til áhafna allra íslenskra farþegaskipa, [farþegabáta]¹⁾ og flutningaskipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa.

□ Markmið þessara laga er að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tiltekna kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna miðað við stærð skips, verkefni og farsvið.

□ [Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum, [alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði farmanna (MLC) frá 2006, með síðari breytingum frá 2014 og 2016],²⁾ EES-samningnum, sbr. [[tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna (endurútgöfin), með síðari breytingum],¹⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB]³⁾ og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu [og efnahagssamningi Íslands og Færeyja].⁴⁾⁵⁾

¹⁾ L. 40/2017, 7. gr. ²⁾ L. 82/2018, 7. gr. ³⁾ L. 39/2008, 1. gr. ⁴⁾ L. 108/2006, 52. gr. ⁵⁾ L. 72/2003, 47. gr.

■ 2. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.

2. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.

3. *Farþegaskip* er hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem getur flutt fleiri en 12 farþega [á sjó, ám eða vötnum],¹⁾ til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.

4. *Flutningaskip* er hvert það skip, skrásett sem flutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.

5. *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

6. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi.

7. *Yfirstýrimaður* er skipstjórnarmaður sem gengur næst skipstjóra og tekur við skipstjórn í forföllum hans.

8. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.

9. [2. *vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess í forföllum yfirvélstjóra.]¹⁾

10. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi skírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af [Samgöngustofu]²⁾ samkvæmt ákvæðum [alþjóðafjarskiptareglna].¹⁾

11. *Skírteini* er staðfesting á réttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina á hvaða ábyrgðarsviði handhafi þess má vinna, á skipi hvaða gerðar og stærðar og með hvaða vélaraffi og vélbúnaði.

12. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í skipi sem er í förum og krafist er vegna útgáfu skírteinis samkvæmt lögum þessum.

13. *Sjómanskóli* er menntastofnun sem er viðurkennd af [ráðherra er fer með fræðslumál]³⁾ eða [ráðherra]³⁾ og uppfyllir skilyrði alþjóðasamþykktarinnar um nám og kennslu.

14. *Innanlandssigling* er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

15. *Öryggismönnun* er ákvörðun [Samgöngustofu]²⁾ um lágmarksfjölda í áhöfn farþega- og flutningaskipa skv. 12. gr.

16. *Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969.

17. *Ábyrgðarsvið* tekur til menntunar og þjálfunar, skiptingar starfa og ábyrgðar um borð í flutninga- eða farþegaskipi og skiptist í stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið:

a. Á *stjórnunarsviði* starfa þeir sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar sem skipstjóri, yfirvélstjóri, yfirstýrimaður og 1. vélstjóri.

b. Á *rekstrarsviði* starfa þeir sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar sem stýrimenn og vélstjórar undir stjórn yfirmanna á stjórnunarsviði.

c. Á *stoðsviði* starfa þeir sem öðlast hafa skírteini samkvæmt lögum þessum og reglum alþjóðasamþykktarinnar og starfa hvorki á stjórnunar- né rekstrarsviði.

18. *Vélaraft* er mesta samfellda heildarhámark ásafis allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum (kW) eins og það er skráð í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.

19. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

[20. *ISM-kóðinn* er alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem samþykktur var af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993, með áorðnum breytingum.

21. *Viðurkennd stofnun* er aðili sem er viðurkenndur í samræmi við reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga, sbr. tilskipun 94/57/EB.]⁴⁾

[22. *Farþegabátur* er hvert fljótandi far, skrásett sem farþegabátur, sem getur flutt að hámarki 12 farþega á sjó, ám eða vötnum, til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.]¹⁾

¹⁾ L. 40/2017, 8. gr. ²⁾ L. 59/2013, 18. gr. ³⁾ L. 126/2011, 326. gr. ⁴⁾ L. 39/2008, 2. gr.

■ 3. gr. Menntun og þjálfun.

□ Sjómanskólar annast menntun og þjálfun áhafna ís-

lenskra skipa. Um inntökuskilyrði sjómanskóla, námskrá, nám, námstílhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í sjómanskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

□ Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar og siglingar, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til [ráðherra er fer með fræðslumál],¹⁾ að fenginni umsögn [Samgöngustofu],²⁾ um námskrár sjómanskóla.

□ Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991 og staðfestir [ráðherra]¹⁾ námskrá skólans.

□ [Það ráðuneyti er fer með fræðslumál]¹⁾ hefur eftirlit með að námskrár sjómanskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga og [Samgöngustofa]²⁾ hefur eftirlit með að nám við sjómanskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga.

¹⁾ L. 126/2011, 326. gr. ²⁾ L. 59/2013, 18. gr.

■ 4. gr. Skírteini.

□ ...¹⁾ [Samgöngustofa]²⁾ gefur út alþjóðleg skírteini og áritanir samkvæmt lögum þessum. Skírteini skulu rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem [ráðuneytið]³⁾ ákveður og skulu þau vera bæði á íslensku og ensku. Útgáfa alþjóðlegra skírteina og áritana skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

□ Íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn á rétt á því að fá útgefið viðeigandi skírteini sér til handa skv. 11. gr. laganna og starfa samkvæmt því um borð í skipum. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins [og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu],⁴⁾ sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna, [sem og Færeyingar].⁵⁾

□ Umsækjandi skírteinis skal hafa að baki siglingatíma skv. 11. gr. laganna. Ráðherra getur með reglugerð vikið frá kröfum 11. gr. og gert vægari kröfur um siglingatíma. Umsækjanda er skylt að færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Unnt er að færa sönnur á þann siglingatíma með staðfestingu lögskráningarstjóra eða rétt útfylltri sjóferðabók. Umsækjandi skírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma á fullnægjandi hátt að mati [Samgöngustofu].²⁾ Ef vafi leikur á um réttmæti þeirrar sönnunar skal [Samgöngustofa]²⁾ í því tilviki skera úr um siglingatíma.

□ Umsækjandi um skírteini skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns skal vera svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal umsækjandi leggja fram vottorð læknis um að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur sem ráðherra mælir nánar fyrir um í reglugerð til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins í þeim samningum sem um er getið í 3. mgr. 1. gr. laganna.

□ Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Þó geta ríkisborgarar annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu [og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]⁴⁾ [sem og Færeyingar]⁵⁾ starfað sem skipstjórnari á íslenskum skipum hafi þeir staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna.

□ Yfirmenn á stjórnunarsviði, þ.e. skipstjóri, yfirstýrimaður, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri, skulu hafa þekkingu á íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og tryggt skal að þeir geti tjáð sig á íslensku eða ensku um ábyrgðarsvið sitt.

□ Frumrit skírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á.

□ [Samgöngustofa]²⁾ heldur skrá yfir útgefin skírteini.

¹⁾ L. 39/2008, 3. gr. ²⁾ L. 59/2013, 18. gr. ³⁾ L. 162/2010, 230. gr. ⁴⁾ L. 72/2003, 48. gr. ⁵⁾ L. 108/2006, 53. gr.

■ [4. gr. a. Heilbrigðiskröfur.

□ [Allir skipverjar skulu vera svo heilir heilsu að þeir geti rækt störf sín af öryggi. Skipverji skal leggja fram vottorð um að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur, sbr. reglugerð skv. 4. mgr.]¹⁾

□ Þeir sem bera ábyrgð á því að meta heilbrigði sjómanna til starfa á farþega- og flutningaskipum skv. 4. mgr. 4. gr. skulu vera starfandi læknar sem eru viðurkenndir af Samgöngustofu.

□ Kröfur um heilbrigði [skipverja]¹⁾ skulu vera í samræmi við alþjóðaskuldbindingar íslenska ríkisins, sbr. 3. mgr. 1. gr.

□ Ráðherra mælir nánar fyrir um heilbrigðiskröfur [skipverja]¹⁾ og viðurkenningu lækna í reglugerð.²⁾

¹⁾ L. 82/2018, 8. gr. ²⁾ L. 40/2017, 9. gr.

■ 5. gr. Gildistími og endurnýjun skírteina.

□ Skírteini sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum skulu gilda í [allt að]¹⁾ fimm ár frá útgáfudegi. Endurnýjun skal veitt til [allt að]¹⁾ fimm ára í senn. Við endurnýjun skírteina skal umsækjandi sem hefur skírteini og starfar á sjó eða ætlar að hverfa aftur til starfa á sjó eftir nokkurn tíma í landi:

1. fullnægja sömu heilbrigðiskröfum og áður þurfti til að öðlast skírteini og

2. hafa að baki siglingatíma í stöðu sem skírteini veitir honum rétt til að minnsta kosti í [tölf mánuði]¹⁾ á síðustu fimm árum eða

3. með því að hafa verið í starfi sem samsvarar viðkomandi skírteini og telst að minnsta kosti sambærilegt við siglingatíma sem krafist er skv. 2. tölul. eða með því að:

a. standast viðurkennt próf eða

b. ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði eða

c. hafa siglingatíma sem yfirmaður í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

□ Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af [Samgöngustofu]²⁾ og skal á þeim m.a. farið yfir nýlegar breytingar á alþjóðareglum um öryggi mannlífa á sjó og varnir gegn mengun sjávar.

¹⁾ L. 40/2017, 10. gr. ²⁾ L. 59/2013, 18. gr.

■ 6. gr. Viðurkenning erlendra skírteina.

□ [Samgöngustofa]¹⁾ viðurkennir erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skírteini gefin út af ríki sem er ekki aðili að alþjóðasamþykktinni eða af ríki sem er aðili að alþjóðasamþykktinni en hefur ekki fullnægt kröfum hennar skulu ekki viðurkennd. [Samgöngustofu]¹⁾ er heimilt að veita í allt að þrjá mánuði lögmætum handhöfum erlendra skírteina leyfi til að gegna tilteknu starfi á tilteknu skipi, þar sem krafist er skírteinis, ef lögð eru fram fullgild vottorð eða skírteini á meðan eða þar til [Samgöngustofa]¹⁾ hefur sannreynt viðkomandi gögn og viðurkennt erlenda skírteinið, enda geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnad verkum í þeirra umboði.

□ [Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem lögbært yfirvald í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu gefur út til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um

gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

□ Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem gefin eru út af ríkjum öðrum en ríkjum Evrópska efnahags-svæðisins og aðildarríkjum stofnsamnings Fríværslunarsamtaka Evrópu til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum [tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarkspjálfun sjómanna (endurútfegin), með síðari breytingum],²⁾ eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.]³⁾

□ [Samgöngustofa]¹⁾ heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr. ²⁾ L. 40/2017, 11. gr. ³⁾ L. 39/2008, 4. gr.

■ 7. gr. Vaktstaða.

□ Skipstjóri skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg vakt um borð, hvort sem skipið er á siglingu, í höfn, á legu eða við akkeri. Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast áreksstur og strand.

□ Yfirvélstjóri er ábyrgur fyrir öruggri vakt í vélarrúmi og skal tryggja að vélstjóri sé tiltækur til að gegna vakt í ómönnuðu vélarrúmi og standa þar vaktir ef þörf krefur.

□ Þeir sem gegna starfi fjarskiptamanns eru á sinni vakt ábyrgir fyrir samfelldri hlustun á viðeigandi tíðnum.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur reglugerð²⁾ um vaktir og hvíldartíma þeirra sem standa vaktir. Vaktir skulu þannig skipulagðar að þeir sem standa vakt séu ávallt vel hvíldir svo að ekki dragi úr árvekni þeirra. Sérstaklega skal þessa gætt við fyrstu vakt og í upphafi sjóferðar.

¹⁾ L. 162/2010, 230. gr. ²⁾ Rg. 680/2004, sbr. 1019/2006, 735/2015 og 512/2020.

■ [7. gr. A. Vinnu- og hvíldartími skipverja á íslenskum farþega- og flutningaskipum.

□ Miða skal við að mörk vinnu- eða hvíldartíma séu annaðhvort:

1. hámarksvinnutími sem ekki má vera lengri en 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 72 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili, eða

2. lágmarkshvíldartími sem ekki má vera skemmri en 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 77 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

□ Heimilt er með reglugerð eða í kjarasamningum að víkja frá ákvæðum 1. mgr. vegna hlutlægra eða tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar enda sé slíkt í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna.

□ Skipstjóri á farþegaskipi og flutningaskipi getur ávallt krafist þess að skipverji vinni þann fjölda vinnustunda sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, farms og annarra fjármuna sem á skipi eru eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.]¹⁾

¹⁾ L. 31/2003, 3. gr.

■ [7. gr. B. Vinnu- og hvíldartími skipverja á erlendum farþega- og flutningaskipum.

□ Ákvæði 7. gr. A tekur einnig til erlendra skipa sem fara um íslenskar hafnir.

□ [Samgöngustofu]¹⁾ er heimilt að framkvæma skoðun um borð í erlendum skipum sem fara um íslenskar hafnir til að

ganga úr skugga um fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma og skipulag vakta um borð. Um framkvæmd skoðana fer eftir ákvæðum laga og reglna um hafnarríkiseftirlit. [Samgöngustofa]¹⁾ skal, ef kvörtun berst sem augljóslega er ekki tilefnislaus eða ef hún fær sannanir um að fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma um borð er ekki í samræmi við lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim, tilkynna skráningarríki skipsins um niðurstöðu skoðunar sem gerð hefur verið. [Samgöngustofu]¹⁾ er óheimilt að veita skipstjóra eða eiganda skipsins sem um ræðir neinar upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun.

□ Ef skoðun leiðir í ljós að aðbúnaður um borð stofnar öryggi og heilsu áhafnarinnar sannanlega í hættu skal [Samgöngustofa]¹⁾ gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrbætur eigi sér stað, t.d. með því að leggja farbann á skipið. Slíkt farbann skal tilkynnt skipstjóra, eiganda eða útgerðarmanni skipsins, fánarfki og skráningarríki skipsins. Eigandi eða útgerðarmaður skipsins getur kært farbann til farbannnefndar sem starfar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og frestar kæra ekki áhrifum farbannsákvörðunar.]²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr. ²⁾ L. 31/2003, 3. gr.

■ [7. gr. C. Orlof.

□ Um orlof skipverja fer eftir lögum um orlof, nr. 30/1987, en skal þó aldrei vera minna en 2,5 almanaksdagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári nema kveðið sé á um annað viðmið í reglugerð sem tekur mið af sérstökum þörfum farmanna. Óheimilt er að semja um niðurfellingu launaðs lágmarksorlofs.

□ Ráðherra getur sett nánari reglur um orlof en um rétt skipverja til orlofs fer að öðru leyti en segir í 1. mgr. eftir lögum um orlof, nr. 30/1987, og gildandi kjarasamningum.]¹⁾

¹⁾ L. 82/2018, 9. gr.

■ [7. gr. D. Heimferð.

□ Skipverji sem hefur verið á sama skipi eða hjá sama útgerðarmanni samfleytt í nfu mánuði á rétt á ókeypis heimferð, kostaðri af útgerðarmanni, í eftirfarandi tilvikum:

1. ef ráðningarsamningur fellur úr gildi á meðan skipverji er um borð,

2. þegar ráðningarsamningi er rift af hálfu útgerðarmanns,

3. þegar ráðningarsamningi er rift af hálfu skipverja ef gild ástæða liggur að baki,

4. þegar skipverji getur ekki lengur gegnt skyldum sínum samkvæmt ráðningarsamningi eða ekki er hægt að ætlast til þess að hann geti gegnt þeim sökum sérstakra kringumstæðna.

□ Skipverji verður ekki krafinn um greiðslu heimferðar fyrir fram og heimferðarkostnaður verður ekki dreginn af launum eða öðrum réttindum nema í þeim tilvikum þegar skipverji hefur brotið alvarlega gegn skyldum sínum í starfi.

□ Útgerðarmaður skips, bæði íslenskra skipa og erlendra skipa sem fara um íslenskar hafnir, skal leggja fram tryggingu til að sjá til þess að skipverji njóti viðeigandi heimferðar í samræmi við 1. mgr. Vanræki útgerð eða gera slíkar ráðstafanir gerir Samgöngustofa ráðstafanir um heimferð skipverja. Samgöngustofa gerir ekki ráðstafanir um heimferð skipverja erlendra skipa sem fara um íslenskar hafnir nema erlenda ríkið hafi ekki eða muni ekki gera ráðstafanir um heimferð skipverja.

□ Þegar þær aðstæður eru fyrir hendi sem getur í 3. mgr., eða Samgöngustofa hefur gert ráðstafanir í tengslum við heimferð í öðrum tilvikum, getur Samgöngustofa lagt farbann

á skipið þar til trygging hefur verið lögð fram eða endurgreiðsla vegna heimferðar hefur farið fram. Slíkt farbann skal tilkynnt skipstjóra, eiganda eða útgerðarmanni skipsins og fánaríki og skráningarríki skipsins þegar við á. Eigandi eða útgerðarmaður skipsins getur kært farbann og fer um framkvæmd farbanns að öðru leyti samkvæmt lögum um eftirlit með skipum.

□ Ráðherra setur nánari reglur um heimferðir, þ.m.t. um ákvörðunarstað heimferðar, flutningsmáta, innfalda kostnaðarliði og aðrar ráðstafanir, svo sem ráðstafanir Samgöngustofu um heimferð og farbann, auk skyldu útgerðarmanns til að leggja fram tryggingu og um vanrækslu slíkrar skyldu.¹⁾

¹⁾ L. 82/2018, 9. gr.

■ **[7. gr. E. Heilsuvernd, læknishjálp, velferð og tryggingavernd.**

□ Ef skipverji af einhverjum ástæðum nýtur hvorki velferðarréttinda hérlendis né í því landi sem skipverji nýtur réttinda, sem eru áþekk þeim sem tryggð eru hérlendis með lögum, ber útgerðarmanni skips að tryggja skipverja slík réttindi, svo sem með kaupum á tryggingum.

□ Ráðherra getur sett nánari reglur um velferðarréttindi skipverja, þ.e. um heilsuvernd, læknishjálp, velferð og tryggingavernd.¹⁾

¹⁾ L. 82/2018, 9. gr.

■ **8. gr. Undanþágur.**

□ Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin skírteini vantar til starfa getur [Samgöngustofa],¹⁾ telji hún að öryggi mannlífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu, veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í tiltekinn tíma hafi hann ekki tilskilin réttindi. Undanþágu í umrædda stöðu má þó ekki veita lengur en til sex mánaða, enda sé viðkomandi að mati [Samgöngustofu]¹⁾ hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

□ Undanþáguna má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu stöðu fyrir meðan má veita þeim undanþágu sem að mati [Samgöngustofu]¹⁾ hefur til þess þekkingu og reynslu. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra á farþegaskipum og flutningaskipum nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr.

■ **9. gr. Eldri skírteini.**

□ Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skal halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi hann öðrum kröfum laga þessara. Heimilt er að gefa út ný skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim í stað eldri skírteina, enda séu réttindi þeirra skírteinishafa í engu skert.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 40/2017, 12. gr.

■ **[9. gr. A. Alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi.**

□ Á flutningaskipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri og farþegaskipum sem lög þessi taka til skal fylgt ákvæðum A-hluta ISM-kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir. Skal [Samgöngustofa]¹⁾ eða viðurkenndur aðili gefa út samræmisskjal og öryggisstjórnunarskírteini í samræmi við ISM-kóðann.

□ [Samgöngustofu]¹⁾ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 6., 7., 9., 11. og 12. gr. kóðans, enda séu teknar upp ráðstafanir sem veiti sambærilega vernd og kveðið er á um í kóðanum.

□ Ákvæði þessara greinar gilda ekki um:

1. skip sem eru nýtt eingöngu í þágu hins opinbera en ekki í atvinnuskyni,

2. skip sem ekki eru knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, skemmtisnekkjur og skemmtibátar nema þau séu eða verði mönnuð og látin flytja fleiri en 12 farþega í atvinnuskyni,

3. farþegaskip í flokki C og D eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001, með síðari breytingum, nema þau séu ekjufarþegaskip.²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr. ²⁾ L. 39/2008, 5. gr.

■ **10. gr. Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.**

□ Útgerðarmaður og skipstjóri viðkomandi skips bera ábyrgð á því að ákvæðum þessara laga sé framfylgt við útgerð skips. Þeim ber að sjá til þess að eftirfarandi sé gætt:

1. að allir þeir sem ráðnir eru um borð í skip séu lögmætir handhafar skírteina fyrir þá stöðu sem þeir gegna og að frumrit skírteina skipverja sé varðveitt um borð,

2. að uppfærð og aðgengileg skrá sé haldin yfir alla skipverja og stöður þeirra um borð,

3. að öllum nýráðnum skipverjum sé áður en þeir hefja skyldustörf kunnugt um skyldur sínar, að þeir séu kunnugir starfsaðferðum um borð, tækjum, búnaði, verklagsreglum og neyðaráætlunum sem og sérstökum skilyrðum í tengslum við venjubundin skyldustörf og hlutverk á neyðarstundu,

4. að skipverjar geti með góðu móti unnið saman á neyðarstundu og þegar mengunarhætta steðjar að,

5. að skipverjar geti tjáð sig sín á milli um grundvallaröryggismál og skilji upplýsingar um öryggisþætti, þar með talin tákn, merki og hljóðviðvörðunarmerki og

6. að tryggja að allir nýráðnir skipverjar fái nauðsynlegar upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja.

■ **[10. gr. A. Skráning og ráðning.**

□ Fyrirtæki sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu skipverja skulu starfa í samræmi við viðurkennd gæðastjórnunarkerfi að fengnu leyfi frá Samgöngustofu.

□ Skráningar- og ráðningarþjónusta skal vera skilvirk, fullnægjandi, áreiðanleg og skipverjum að kostnaðarlausu til að skipverjar geti fundið störf um borð í skipi.

□ Samgöngustofa hefur eftirlit með að skráningar- og ráðningarþjónusta skipverja uppfylli kröfur alþjóðaskuldbindinga íslenska ríkisins, sbr. 3. mgr. 1. gr.

□ Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um skráningar- og ráðningarþjónustu og eftirlit með henni í reglugerð.¹⁾

¹⁾ L. 82/2018, 10. gr.

II. kafli. Skírteini.

■ **11. gr. Skírteini áhafnar.**

□ [Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til starfa um borð í farþegaskipum, farþegabátum og flutningaskipum.

□ Ráðherra mælir nánar í reglugerð fyrir um útgáfu skírteina í samræmi við stöðu, skipsstærð, skipsgerð og vélarafli í samræmi við alþjóðaskuldbindingar íslenska ríkisins, sbr. 3. mgr. 1. gr. Samgöngustofu er heimilt að veita undanþágur frá tilteknum kröfum þegar um er að ræða farþegaskip sem sigla á tilteknu farsviði og á tilteknu tímabili, enda sé ekki farið í bága við skuldbindingar sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt alþjóðasamþykktinni.¹⁾

¹⁾ L. 40/2017, 13. gr.

■ 12. gr. Öryggismönnun.

□ Manna skal sérhvertt íslenskt [farþegaskip, farþegabát og flutningaskip]¹⁾ á öruggan hátt svo að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar, farþega og skips. [Farþegaskip, farþegabáta og flutningaskip]¹⁾ skal manna þannig að unnt sé að fylgja öllum lögum og reglum um verndun umhverfis, einkum er varðar mengunarvarnir sjávar og lífríkis.

□ Við ákvörðun um fjölda skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum skal [Samgöngustofa]²⁾ taka fullt tillit til alþjóðasamþykktarinnar og krafna hennar um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf. Við mönnun farþegaskipa og flutningaskipa skal tekið sérstakt tillit til skipulags vakta um borð og nauðsynlegs hvíldartíma skipverja í samræmi við alþjóðasamþykktina.

□ [Samgöngustofa ákveður mönnun farþegaskipa, farþega-báta og flutningaskipa.

□ Samgöngustofa gefur út öryggismönnunarskrírteini fyrir farþegaskip og flutningaskip þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.]¹⁾

¹⁾ L. 40/2017, 14. gr. ²⁾ L. 59/2013, 18. gr.

III. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 13. gr.

□ [Ákvörðunum [Samgöngustofu]¹⁾ samkvæmt lögum þessum má skjóta til [ráðherra].²⁾ Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnarsýslulögum.]³⁾

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr. ²⁾ L. 162/2010, 230. gr. ³⁾ L. 139/2008, 1. gr. *Par er ekki kveðið á um að fyrirsögn greinarinnar „Úrskurðarnefnd siglingamála“ falli brott en efnislegar breytingar fela það í sér að hún á ekki lengur við.*

■ 14. gr. Gjöld.

□ Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu undanþágna og útgáfu öryggismönnunarskrírteina samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði [Samgöngustofu]¹⁾ vegna afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr. ²⁾ Rg. 587/2002.

■ 15. gr. Refsiákvæði o.fl.

□ Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

□ Svipta skal skírteinishafa rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann gerist sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

□ Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði og ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

□ Leiði brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim til skipsstrands, áreksturs skipa eða annarra sjóslysa skal viðkomandi sæta refsingu og eftir atvikum réttindasviptingu til skipstjórnar eða vélstjórnar, skv. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

□ [Um borð í skipum skal vera skilvirkt kerfi fyrir kvartanir vegna meintra brota gegn kröfum laga þessara og al-

þjóðasamþykkt, sbr. 3. mgr. 1. gr., þ.m.t. gegn réttindum skipverja. Ráðherra getur sett nánari reglur um kvartanir um borð.]¹⁾

¹⁾ L. 82/2018, 11. gr.

■ 16. gr.

□ [Samgöngustofu]¹⁾ er heimilt að afturkalla skírteini ef lög-mætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi.

□ Nú telur [Samgöngustofa]¹⁾ að skilyrði, sbr. 2. mgr. 15. gr., séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnun-inni þá heimilt að svipta viðkomandi aðila starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörð-uð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um svipt-inguna liggur fyrir. Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

□ Bera má ákvörðun [Samgöngustofu]¹⁾ undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð [sakamála]²⁾ og skal stofnunin leiðbeina viðkomandi um þann rétt.

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 17. gr. Reglugerð.

□ [Ráðherra]¹⁾ skal setja í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um menntun og þjálf-un áhafna íslenskra skipa samkvæmt lögum þessum, bæði um borð í skipi og í landi, öryggisfræðslu, próf, skírteini og skilyrði þeirra, heilbrigðiskröfur, viðurkenningu erlendra skírteina, ábyrgð útgerðarmanna, vaktstöður, [mönnun skipa, [alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi, heimferðir og skráningu og ráðningu skipverja]³⁾.⁴⁾ [Ákvæðin]⁴⁾ skulu vera í sam-ræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt þeim samningum sem um er getið í 3. mgr. 1. gr. laganna.

□ [Ráðherra]¹⁾ skal, í samráði við [ráðherra er fer með fræðslumál],⁵⁾ setja reglur um eftirlit með menntun og þjálf-un áhafna íslenskra skipa.

□ [Ráðherra getur með reglugerð undanskilið ákvæðum lag-anna eða gert vægari kröfur vegna áhafna sem starfa á skipum sem eru minni en 500 brúttótonn eða eru ekki í alþjóðlegum siglingum.]³⁾

¹⁾ L. 162/2010, 230. gr. ²⁾ Rg. 599/2001. Rg. 680/2004, sbr. 1019/2006, 735/2015 og 512/2020. Rg. 337/2009, sbr. 738/2009. Rg. 676/2015. ³⁾ L. 82/2018, 12. gr. ⁴⁾ L. 39/2008, 6. gr. ⁵⁾ L. 126/2011, 326. gr.

■ 18. gr. Gildistaka o.fl.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

□ ...

■ Ákvæði til bráðabirgða.

□ ...¹⁾

□ Undanþágusjóður, sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslensk-um skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, skal lagð-ur niður. Andvirði sjóðsins skal notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda árið 2001.

□ ...²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 18. gr. ²⁾ L. 30/2007, 21. gr.